

REGLUGERÐ

64

1. marz

um bann við dragnótaveiði á svæðinu frá Sandgerðisvíta að Hraunsnesi.

Samkvæmt lögum nr. 83 22. október 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða innan landhelgi frá línu, er hugsast dregin frá Keili um Sandgerðisvíta á haf út og fyrir framan strandlengju Gerðahrepps, Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurhrepps og Vatnsleysustrandarhrepps að Hraunsnesi, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgigæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. marz 1950.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ásgeirs á Arngerðar- 65
eyri“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. marz 1950. 29. marz
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Ásgeirs á Arngerðareyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Ásgeirs á Arngerðareyri, og er stofnaður til minningar um Ásgeir Guðmundsson dbrm. og hreppstjóra á Arngerðareyri og konur hans, Margrėti Jónsdóttur og Aðalbjörgu Jónsdóttur, á 100 ára afmæli hans, 22. september 1949, af undirrituðum börnum hans og stjúphörnum.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja og efla landbúnað í Nauteyrahreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu á hvern þann hátt, er að dómi sjóðstjórnarinnar getur orðið til þess, að bæta hag bænda í hreppnum eða efla áhuga þeirra fyrir bættum búnaðarháttum.